

2008 nr. 60 7. júní**Lög um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008**

Tóku gildi 11. júní 2008. Breytt með L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

☐ [Ráðherra],¹⁾ fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka á árinu 2008 lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði

þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn verður að láni í erlendri mynt.

☐ Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna.

☐ Lántökuheimild ríkissjóðs skv. 1. mgr. hefur ekki áhrif á lántökuheimildir ríkissjóðs skv. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2008.

¹⁾ L. 126/2011, 480. gr.

■ 2. gr.

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi.